

Sp.

29. Tillaga til þingsályktunar

um afsláttarhross.

Flm.: Jón Pálmason, Jón Sigurðsson, Ingólfur Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar safna skýrslum í hrossahéruðum landsins um það, hve mörgum hrossum bændur vilja farga til slátrunar á þessu hausti. Einnig sé Búnaðarfélagi Íslands falið að gera tillögur um það fyrir 15. september 1943, á hvern hátt hrossunum verði komið í verð.

Greinargerð.

Á undanförunum árum hefur hrossum fjölgað mjög í landinu, einkum í þeim héruðum, sem mæðiveikin í fénu hefur leikið verst. Koma þar einkum til greina Skagafjarðarsýsla, Húnavatnssýslur, Mýrasýsla og Borgarfjarðarsýsla. Í Rangárvallasýslu hefur hrossum einnig fjölgað mjög, enda þótt hún hafi eigi orðið fyrir verulegu fjóni af völdum mæðiveikinnar. Eitthvað hefur hrossum fjölgað í sumum öðrum héruðum, en eigi í stórum stíl. Nú hagar svo til, að fóðurbirgðir hjá bændum munu víða vera með minnsta móti, sem stafar af mörgum samverkandi orsökum. Fyrningar gáfust víða upp s. l. vor. Heyskapur byrjaði um hálfum mánuði síðar í mörgum sveitum en í meðalári. Fólksafli við heyvinnu hefur á þessu sumri verið minni en nokkru sinni fyrr, og stafar það af því, að fólk hefur eigi fengizt til þeirra starfa. Loks hefur það svo bætzt við, að grasvöxtur á óræktaðri jörð hefur verið óvenjulega rýr víða um land og síðari sláttur á tünnum brugðizt gersamlega. Allt þetta verkar í eina og sömu átt, eins og gefur að skilja. Hættan á fóðurskortri er því fyrir hendi, því að vitanlega ber nú sem áður, og þó öllu frekar, að gera ráð fyrir, að harðindi geti að höndum borið. Yfirleitt eru hrossin sú tegund búfénaðar, sem minnst fóður er ætlað. Af þeim stafar líka mest hættan, ef út af ber. Sú þáttill., sem hér er flutt, er því fyrst og fremst tryggingarviðleitni gegn fóðurskortri. Telja flutningsmenn áriðandi að vita fljótt, hve mörgum hrossum bændur vilja farga. Virðist sjálfsagt að fela sýslumönnum og hreppsnefndum að gera þá athugun í skyndi. Það kom í ljós s. l. haust, að markaðurinn fyrir hrossakjöt fullnægir eigi nálægt því þörfinni, og mun það enn frekar koma í ljós á þessu hausti. Það er því áriðandi að hagnýta hinn takmarkaða markað svo vel sem unnt er og gera að öðru leyti þær ráðstafanir, sem hugsanlegar eru, til að koma þessari vöru í verð og fá því til vegar komið, að sem flestir landsmenn noti hana. Virðist einsætt að fela Búnaðarfélagi Íslands að rannsaka það mál og leggja tillögur sínar fyrir. Má gera ráð fyrir, að þing og stjórn þurfi síðar í haust að gripa til viðtækra ráðstafana á þessu sviði.

Nánar í framsögu.